

# Jóhanna Sigurðardóttir (Replik)

Já, mig langar að svara hérna nokkrum spurningum sem hafa komið hér úr sal og snerta velferðarkerfið. Og sérstaklega þá spurningu sem kom um það að hér væri mikil fátækt á Norðurlöndunum og hvort velferðarkerfið væri þá ekki nógu gott, hvort það væri svarið. Og eins spurningin um hvort samvinna milli Norðurlandanna væri ekki nógu góð þegar kæmi að velferðarkerfinu.

Svar mitt er það að það eru margir eins og við þekkjum sem horfa til norræna velferðarkerfisins og spurningin er hvernig við stjórnnum því, sérstaklega þegar kemur að því að að herðir og það er mikil kreppa í löndum eins og var til dæmis á Íslandi. Þá fórum við þá leið að við beittum velferðarkerfinu þannig að við reyndum að hlífa því sem mest og mikill niðurskurður sem við urðum að fara í að þá fórum við þannig í hann að við hlífðum velferðarkerfinu, menntakerfinu og löggæslunni alveg sérstaklega og samt náðum við því á þremur árum að ná halla úr fjórtán prósent á landsframleiðslu niður í eitt prósent af landsframleiðslu.

Sem ég tel að sé afar mikið og við náðum því að ná jöfnuði mjög mikið vegna þess að það var töluverður ójöfnuður í okkar íslenska samfélagi en nú er orðinn mjög mikill jöfnuður í samfélaginu og það var af því að við beittum þeim tækjum sem stjórnvöld geta gert. Hvaða tæki eru það?

Það eru ekki síst skattakerfið sem við beittum, og við beittum því á þann veg að skattbyrði hjá þeim sem höfðu lágar og meðaltekjur hún minnkaði verulega en jókst hjá þeim sem höfðu meiri tekjur og það gerðum við til dæmis með því að taka upp auðlegðarskatt. Og við beittum skattakerfinu þannig að við komum á aftur persónuafslætti sem ekki hafði verið í

---

töluverðan tíma á Íslandi og við beittum barnabótakerfinu alveg sérstaklega og vaxtabótakerfi fyrir skuldug heimili. Þannig að þetta er bara spurning um hvernig menn stjórna hverju sinni og að við höfum fókus á þeim hópum sem við þurfum að hjálpa. Núna þegar við erum að sigla út úr okkar kreppu, Ísland, sem var mjög mikil þá erum við að beina sjónum okkar, í því svigrúmi sem við höfum, aftur inn á barnafjölskyldur sérstaklega af því að þar höfum við fundið út með ýmsum könnunum að fátækt er mest og það gerum við með vaxtabótum fyrir skuldug heimili.

Ég held að við getum verið stolt af okkar norræna velferðarkerfi, ég held að samvinnan sé mjög góð. Við höfum farið í ýmis mál sérstaklega sem hér var nefnt, loftslagsmálin sem við höfum haft góða samvinnu með og við höfum farið í, eins og á Íslandi, grænan hagvöxt sem við leggjum mikla áherslu á. Við erum með sérstaka stefnu í þeim málum sem allir flokkar hafa tekið þátt í og það er svar við ýmsum þeim spurningum sem fram hafa komið. Og síðan en ekki síst þá getum við öll verið stolt af því að norræna velferðarkerfið er komið hvað lengst í jafnréttismálum. Þó enn vanti töluvert upp á launamun kynjanna þá erum við komin mjög langt í jafnréttismálum. Við erum á Íslandi að taka upp það sem Norðmenn hafa gert, að því að það vantaði mikið upp á að konur stæðu jafnfætis körlum að því er varðar stjórnun í fyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Karlar voru þar að níutíu prósent hluta. Nú höfum við farið norsku leiðina, það er að segja lögbinda jafnara hlutfall kynja í stjórnnum fyrirtækja og lífeyrissjóða. Þannig að ég held að í það heila tekið ef við stjórnnum okkar velferðarkerfi í þágu þeirra sem þessu þurfa þá held ég að við náum árangri

### *Skandinavisk oversettelse:*

Ja, jeg vil gerne svare på nogle af de spørgsmål, I der blev stillet i plenum, og vedrører velfærdssystemet. Især spørgsmålet om, hvorvidt en stor fattigdom i de nordiske lande vidner om velfærdssystemets utilstrækkelighed, om det var forklaringen. Ligeledes spørgsmålet om, hvorvidt de nordiske landes samarbejde var utilstrækkeligt på velfærdsområdet.

Mit svar er, at som vi ved, så er der mange der skæver til den nordiske

---

velfærdsmodel, og det handler om, hvordan vi styrer den, især i en tid med økonomisk depression, ligesom den krise som vi oplevede i Island. Vi besluttede os for at anvende velfærdssystemet på en måde, så vi kunne skåne det så meget som muligt, og vi tilrettelagde de kraftige nedskæringer som vi var tvungne til således, at vi skåned velfærdssystemet, uddannelsessystemet og retsvæsenet, og alligevel lykkedes det os i løbet af tre år at mindske det finansielle underskud fra 14 procent af nationalproduktet til én procent af nationalproduktet.

Hvilket efter min mening er ganske meget, og vi opnåede væsentligt større lighed, hvor der havde været ganske stor ulighed i vores islandske samfund, og nu kan vi konstatere en meget større lighed i samfundet, og det er fordi at vi gjorde brug af de styremidler, der står regeringer til disposition. Hvilke midler er der tale om?

Ikke mindst skattesystemet, som vi gjorde brug af således, at vi drastisk mindskede skattetrykket hos folk med lave eller mellemindtægter mens det blev øget hos dem med højere indtægter. Det gjorde vi for eksempel ved at indføre en rigdomsskat. Og vi gjorde brug af skattesystemet således, at vi genindførte personfradrag, noget der ikke havde eksisteret i Island i ganske lang tid, og vi gjorde en særlig brug af børnepengesystemet og rentetilskudsordninger for gældsatte familier. Det er derfor blot et spørgsmål om, hvordan man vælger at regere, og vi er opmærksomme på de grupper, der har brug for vores hjælp. Nu når vi i Island er på vej ud af en krise der var ganske stor, så retter vi opmærksomheden, inden for det spillerum vi har, igen mod især børnefamilierne, da det ifølge flere undersøgelser er dem, der oplever den største fattigdom, og det gør vi med rentetilskud til forgældede familier.

Jeg mener, at vi kan være stolte af vores nordiske velfærdssystemer. Jeg mener, at samarbejdet er ganske godt. Vi har taget fat på flere sager, især dem, der blev nævnt tidligere, klimaændringer, hvor vi har skabt et godt samarbejde, og ligesom i Island er vi gået i gang med grøn vækst, noget vi lægger stor vægt på. Vi har udformet særlig politik på områder, hvor alle partier kan deltage, og dette er svaret på mange af de spørgsmål, der blev stillet. Og sidst men ikke mindst, så kan vi allesammen være stolte af, hvor

---

langt det nordiske velfærdssystem er nået på ligestillingsområdet. Til trods for en stor lønkløft, der forbliver mellem kønnene, så er vi nået ganske langt på ligestillingens område. I Island er vi ved at indføre det samme som nordmændene allerede har gjort, fordi kvinder har meget at indhente i forhold til mænd i bestyrelser for virksomheder og pensionskasser. Der udgjorde mænd 90 procent. Nu har vi valgt den norske model, det vil sige en lovgivning der skal sikre en mere ligelig kønsfordeling i bestyrelser for virksomheder og pensionskasser. Derfor tror jeg i det hele taget, at hvis vi styrer velfærdssystemet for at hjælpe dem, der har brug for det, så tror jeg at vi skaber resultater og kan være tilfredse med vores velfærdssystem.

## Information

Tal nummer

27

Typ

Replik

Person

[Jóhanna Sigurðardóttir](#)

Speaker role

Islands statsminister

Datum

30.10.12 18:23